

## Náms- og starfsráðgjöf í Norðlingaskóla

Náms- og starfsráðgjafar Norðlingaskóla eru Halla Karen Jónsdóttir og Fríða Elísa Ólafsdóttir.

Nemendum og forráðamönnum er velkomið að leita til náms- og starfsráðgjafa. Hægt er að panta tíma í síma 411-7640 eða með því að senda tölvupóst á [halla.karen.jonsdottir@rvkskolar.is](mailto:halla.karen.jonsdottir@rvkskolar.is) eða [frida.elisa.olafsdottir@rvkskolar.is](mailto:frida.elisa.olafsdottir@rvkskolar.is)

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, bæði þau er varða námið og eins í persónulegum málum. Veita nemendum ráðgjöf og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.

Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi með forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans, s.s. hjúkrunarfræðingum og skólasálfræðingi og vísar málum einstaklinga til þeirra eftir því sem við á. Öllum nemendum og forráðamönnum stendur til boða að leita til náms- og starfsráðgjafa.

Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

**Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:**

- Að annast starfskynningar nemenda á unglingastigi.
- Að veita ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda.
- Að leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- Að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við náms- og starfsáætlun skólans.
- Að sinna fyrirbyggjandi starfi, t.d. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skóla og aðra s.s. starfsmenn skólaskrifstofu og félagsmiðstöðva.
- Að veita persónulega ráðgjöf við nemendur vegna ýmissa vandamála svo sem námsörðuleika, prófkvíða, frestunaráráttu, eineltis og annarra samskiptamála.
- Að sitja í ýmsum ráðum sem fjalla um velferð nemenda svo sem nemendaverndarráði, áfallaráði og eineltisteymi skólans.
- Að vísa einstökum nemendum til sálfræðings og annarra sérfræðinga þegar í ljós koma vandamál sem falla utan starfssviðs námsráðgjafa.
- Að sinna hópráðgjöf og fræðslu í stærri eða smærri hópum sem vinna að einstökum verkefnum t.d. náms- og starfsfræðslu, námstækni og samskiptamála.



NORÐLINGASKÓLI